

Gervigreind í kennslu – nýting gervigreindar við kennslu í Hjúkrunar og ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands

Höfundur/flytjandi: Sigrún Sunna Skúladóttir sigrunsunna@hi.is

Gervigreindin hefur verið vaxandi innan háskólasamfélaga víðsvegar í heiminum og skapað ný tækifæri til umbreytingar meðal annars í hjúkrunarfræðimenntun á undanföllum árum. Samkvæmt nýlegum rannsóknum virðist samþætting gervigreindar eftl einstaklingsmiðað nám, hermipjálfun og klínísk dómgreind hjúkrunarfræðinema, ásamt því að bæta skilvirkni og gæði þjónustu (Kwan o.fl., 2025; Qutishat o.fl., 2025). Samantektar- og yfirlitsgrein undirstrikar jafnframt áskoranir varðandi siðferðisleg og félagsleg álitaefni svo sem varðandi meðhöndlun gagna, mikilvægi þess að koma með tæknikennslu til að undirbúa hjúkrunarfræðinga fyrir framtíðar verkefni á því sviði og siðferðilega ramma fyrir notkun á gervigreindinni (El Arab o.fl., 2025). Þvermenningarleg rannsókn Almaliki o.fl. (2025) sýndi að viðhorf kennara ráðast að hluta af menningarlegum og faglegum þáttum, en aukin þekking og reynsla af gervigreind styrkir jákvætt viðhorf og traust við notkun. Samkvæmt Labrague o.fl. (2025) getur kennslutækni studd af gervigreind aukið námsáhuga, gagnrýna hugsun og klínísk færni, en krefst markvissrar stefnumótunar og þjálfunar kennara.

Í kennslu við Hjúkrunar og ljósmóðurfræðideild eru verkefni sem nemendur eiga að vinna með gervigreind í nokkrum námskeiðum. Í verkefnunum ritrýna nemendur texta frá gervigreind um kennslu efni sem þeir síðan rýna til gagns og taka fram þætti sem eru vel og/eða illa gerðir af gervigreindinni.

Þrátt fyrir mikla möguleika fylgja áskoranir, þar á meðal hætta á ofurtrausti á tækni, siðferðileg óvissa og skortur á hæfni til að nota gervigreind. Niðurstöður birtra greina sem og ákall háskólasamfélagsins benda til að árangursrík innleiðing gervigreindar í hjúkrunarkennslu krefjist endurskoðunar námskrár, siðferðislegrar umgjörðar og áherslu á mannlega og þverfaglega samvinnu.

Heimildaskrá

Almalki, A., Al-Maliki, M., Alonazi, A., Aljohani, W., & Almalki, S. (2025). *Integration of artificial intelligence in nursing education: A cross-national exploration*. **BMC Nursing**, **24**, 3689. <https://doi.org/10.1186/s12912-025-03689-3>

El Arab, R. A., Al Moosa, O. A., Abuadas, F. H., & Somerville, J. (2025). *The role of AI in nursing education and practice: Umbrella review*. **Journal of Medical Internet Research**, **27**, e69881. <https://doi.org/10.2196/69881>

Kwan, R. Y. C., Tang, A. C. Y., Wong, J. Y. H., Zhou, W., Belcina, M. T., Adajar, G. R., Ito, M., Ong, I., Kang, Y., Su, J. J., & Wong, J. S. W. (2025). *Navigating the integration of artificial intelligence in nursing: Opportunities, challenges, and strategic actions*. **International Journal of Nursing Sciences**, **12**, 241–245. <https://doi.org/10.1016/j.ijnss.2025.04.009>

Labrague, L. J., Sabei, S. AL. & Yahyaei A. AL. (2025). *Artificial intelligence in nursing education: A review of AI-based teaching pedagogies*. **Teaching and Learning in Nursing**, **20**(3), 210–221. <https://doi.org/10.1016/j.teln.2025.01.019>

Qutishat, M., Khatatbeh, M., Bani-Issa, W., & Al-Dwaikat, T. (2025). *Benefits, challenges, and future recommendations in the integration of artificial intelligence in nursing education: A scoping review*. **Teaching and Learning in Nursing**, 20(3), 315–324.
<https://doi.org/10.1016/j.teln.2025.05.016>